

Grein úr Ekonomisk debatt

Helgi Tómasson

16. október 2016

Ný grein

- Í nýju hefti í blaði sænskra hagfræðinga birti Johansson (2016) grein sem hann kallar *Förutfattade meningar, statistik och jämställdhet*, fyrirframgefnar skoðanir, tölfræði og jafnrétti.
- Þar vitnar hann í skekkju, (hlutdrægni, bias), aðgengisskekkju, hugtak sem hann eignar Nóbelsverðlaunahafanum (Kahneman, 2011).
- Hann segir hæfni fólk til að nýta sér gögn og álykta skynsamlega skelfilega lélega.
- Hann segir ameríska áróðursmeistar hafa uppgvötvað þetta og noti fjölmiðla skipulega til að koma pólitískum áróðri áfram.
- Leitarvélur á netinu stuðla að þessari skekkju. Sem dæmi nefnir hann að ef gúglað sé fyrirbæri ofbeldi gegn konum finnist miklu fleiri hit en ofbeldi gegn körlum.
- Sumir haldi því að konur verði miklu frekar fyrir ofbeldi en karlar.

Fjarvistir vegna veikinda

- Höfundur hefur rannsakað vinnumarkaðs- og heilsumál.
- Hann segist hafa sýnt að fram að fæðingu fyrsta barns séu fjarvistir vegna veikinda svipaðar hjá kynjunum.
- Eftir fæðingu fyrsta barns taki konurnar stökk. Þær séu miklu meira frá vinnu vegna veikinda.
- Sumir vilja álykta að barneignirnar geri konur veikari og að konur hafi verri heilsu.
- Hann bendir á að margir karlmenn hafi valið sér framabraut sem ekki leyfi fjarvistir vegna sjúkdóms, þó svo að fjarvist væri skynsamleg heilsunnar vegna.
- Hann segir að á 15 ára tímabili eftir fæðingu fyrsta barns leggist karlmenn frekar inn á sjúkrahús.
- Einnig að ef kona lendir á sjúkrahúsi á þessu tímabili sé hún líklegri til að taka fleiri veikindadaga eftir sjúkrahúsvistina en karl.
- Höfundur ályktar að agentarnir velji. Þ.e. að selection-bias skekki myndina og fá fólk til að álykta ranglega að heilsa kvenna sé stærra vandamál en heilsa karla.

- Johansson telur jafnréttisumræðuna vera of mikið fókuseraða á karlkyn/kvenkyn.
- Hann nefnir sérstaklega umræðuna um laun. Ef það væri svo að konur fengi lægri laun fyrir sömu vinnu þá væri það rangt. Engar empírískar rannsóknir gæfu þó slíkt í skyn. Hann vitnar í nokkrar heimildir því til stuðnings. Eðlilega sleppir hann yfirborðskennendum regressjónum skottutölfræðinga.
- Hann nefnir hversu fráleitt það er að gera ráð fyrir að konur séu alltaf fórnarlömb. T.d. er sagt að konur fengu lægri laun þrátt fyrir það að standa sig betur í skólanum. Það mætti alveg eins segja að strákum sé mismunað í skólanum og þeir séu fyrst metnir að verðleikum þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn.
- Hann virðist telja að það sé trend í gangi sem ýti strákum úr skólakerfinu og framleiði karla sem hafi ekki efni á að stofna fjölskyldu. Þetta sama mynstur sé hins vegar notað sem rök fyrir því konur séu beittar misrétti.

Mismunun í hagfræði

- Johansson segir að hagfræðin segi frá þrem gerðum af mismunum. Hann nefnir tvær.
- Í fyrsta lagi getum við haft preferensa fyrir ákveðna gerð af fólki.
- Í öðru lagi getum við stimplað meðalgildi hóps á einstaklinga.
- Nauðsynlegt að átta sig á því að innan hóps breytileikinn er (oftast) miklu meiri en breytileiki á milli meðaltala hópa.
- Hann segir að rannsóknir bendi ekki til að svona mismunn sé í gangi í Svíþjóð.
- Mismunun kostar. Það væri mjög dýrt að stunda mismunun gegn stórum hópi.

Stjórnir fyrirtækja

- Hæfni til stjórnarsetu ræðst af menntun og reynslu.
- Í greininni er sagt að 87% stjórnarmanna séu lögfræðingar, verkfræðingar, eða viðskipta-/hagfræðimenntun.
- Ca. 1% karlmanna með þessa menntun lenda í stjórnnum. Ekkert bendir til þess að þessi prósentu verði öðru vísi hjá konum.
- Eftir 1990 hefur kynjahlutfallið í lögfræði, viðskipta-/hagfræði jafnast mikið. Í verkfræði er karlar enn miklu fleiri.
- Kynjakvótar eru fráleitar viðskiptahindranir.

Skökk umræða um heilsu

- Fjölmíðlamyndin í Svíþjóð er að það halli á konur í heilsugæslu.
- Johansson telur að preferensa ráð neyslu á heilsugæslu.
- Hann rekur að lífshætta karla sé að minnsta kosti tvöföld lífshættu kvenna (miðað við 3 ár eftir innlögn).
- Einhleypir karlar með krabbamein sé í fjórfaldri lífshættu miðað við einhleypar konur með krabbamein.
- Hann nefnir að sænskt jafnréttisráð hafi í nafni jafnréttis eyrnamerkt stóra upphæð til að rannsaka heilsu kvenna.
- Hann nefnir lífshættu sem objektívan mælikvarða á heilsu.
- Hann segir fjölmíðla hundsa kerfisbundið þá staðreynd að heilsa karlanna sé verri.

- Höfundur biðst afsökunar á að hafa í greininni unnið með atriði sem hann er á móti. Þ.e. að tala um meðaltöl hópa.
- Það er vafasamt að vera með policy-ákvæðanir sem byggjast á meðaltölum (hópa).
- Hóparnir séu stórir og breytileiki innan hópa verulegur.
- Innanhóps breytileiki er mun mikilvægari en breytileiki milli meðaltala hópa.
- Það á ekki að leita eftir policy sem þvingar meðaltöl hópa til að vera eins. Það hefur alvarlegar hliðarverkanir.
- Pólaríserandi umræða um kynjabaráttu, kynjavöld (t.d. karlaveldi), kynþáttaumræðu (hvítir/svartir) er því galin.

Johansson, P. (2016). Förutfattade meningar, statistik och jämställdhet.
Ekonomisk debatt, 44(4), 5–14.

Kahneman, D. (2011). *Thinking, Fast and Slow*. Farrar, Straus and Giroux.